

GJALDSKRÁ**66**

16. apríl

fyrir heimilishjálp í Reykjavík.**1. gr.**

Fyrir heimilishjálp, samkv. reglugerð nr. 122/1954, svo og reglum, sem stjórn Ráðningarstofunnar setur þar um, skal greiða á dag kr. 35.00.

2. gr.

Hjálparstúlka, sem vinnur við heimilishjálp, skal fá endurgjaldslaust fæði á vinnustað.

Enn fremur strætisvagnagjöld að og frá vinnustað.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. apríl 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING**67**

28. apríl

um breyting á reglugerð nr. 167 frá 21. des. 1946 um áhættuiðgjöld og flokkun starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Í stað „kr. 150.00“ í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar komi: kr. 400.00.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 24 29. marz 1956, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.